

Fundargerð stjórnar SOS nr. 316

Staður: Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Dagsetning og tími: 12. desember kl. 14:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB) Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð.

1. Orkugerðin ehf. – Hluthafafundur 25. nóv. 2022 og aukning hlutafjár

Fundargerð hluthafafundar Orkugerðarinnar ehf. frá 25. nóvember sl. lögð fram til kynningar. Á fundinum var samþykkt aukning hlutafés vegna áætlaðra fjárfestinga í stækkun húsnæðis og kaupum á nýjum búnaði til að auka afköst og svara þannig aukinni eftirspurn vinnslu og afurða.

Starfsemi Orkugerðarinnar býður upp á mikil tækifæri fyrir aðildarsveitarfélög SOS í ráðstöfun og úrvinnslu lífræns úrgangs. Sorpstöð Suðurlands fer með 34,1% eignarhlut í Orkugerðinni og er þar með stærsti hluthafinn í félaginu. Heimildir til að urða ómeðhöndlaðan sláturúrgang eru að falla niður sem gerir kröfu um aðra ráðstöfun og úrvinnslu. Sú lausn sem Orkugerðin býður upp á er framúrskarandi og hluti af svokölluðu hringrásarhagkerfi og er mikilvægur hluti af umhverfisstefnu fyrirtækja sem meðhöndla slíkan úrgang. Orkugerðin framleiðir kjötmjöl og fitu sem eru verðmætar afurðir með aukna eftirspurn.

Til að mæta fyrirséðri þörf hefur Orkugerðin fengið stækkun á starfsleyfi upp í 14 þúsund tonn á ári sem annar rúmlega því magni sem talið er að falli til á suður- og suðvesturlandi. Áætlaður kostnaður við kaup á nýjum búnaði og breytingar á húsnæði til að tvöfalda afköst er um 265 milljónir króna. Hluti breytinganna felur í sér tæki með betri orkunýtingu og fullkominn lyktareyðingarbúnað ásamt því að útbúin verður mikil varmaendurvinnsla sem gefur Orkugerðinni möguleika á að selja frá sér mikið af heitu vatni. Áætlað er að fjármagna framkvæmdina með lánsfé upp á um 150 milljónir króna og aukningu hlutafjár upp á 90 milljónir króna ásamt handbæru fé að fjárhæð 25 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall Orkugerðarinnar var 56% í lok september.

Stjórn lýsir yfir áhuga á að kaupa það hlutafé vegna hlutafjárukningarinnar sem verður ekki selt til fyrirhugaðra kaupenda utan hluthafahópsins til þess að viðhalda eignarhlut sínum í hlutfalli við aðra eigendur. Stjórn ákveður að óska eftir heimild frá aðildarsveitarfélögunum til að ganga inn í kaupin að því leyti sem út af stendur fyrir að hámarki 30.690.000 kr. Af því tilefni mun stjórn boða til félagsfundar 4. janúar klukkan 13:00 í fjarfundi og leita samþykkis aðildarsveitarfélaganna.

2. Önnur mál

Önnur mál ekki rædd.

Fundi slitið klukkan 14:30.